

10. maí.

223

Nr. 94.

AUGLÝSING

um umferð í Kópavogi.

Samkv. heimild í 2. mgr. 65. gr. umferðarlaga nr. 26 1958, og að fengnum tillögum bæjarstjórnar Kópavogs, er hér með bönnuð öll stöðvun og staða ökutækja á Reykjanesbraut innan lögsagnarumdæmis Kópavogs, önnur en stöðvun strætisvagna á vegarútskotum, sem til þess eru ætluð.

Bæjarfógetinn í Kópavogi, 10. maí 1962.

Sigurgeir Jónsson.

14. ágúst.

Nr. 95.

REGLUGERÐ

um sameiginlega innheimtu opinberra gjalda í Reykjavík.

Í Reykjavík hefur, í samræmi við lög nr. 68/1962, verið gerður samningur milli fjármálaráðherra f. h. rikissjóðs, borgarstjóra f. h. borgarsjóðs og Sjúkrasamlags Reykjavíkur, um sameiginlega innheimtu opinberra gjalda. Sérstök stofnun, Gjaldheimtan, innheimtir gjöldin og starfar hún á vegum Reykjavíkurborgar. Heimilt er að innheimta í einu lagi á sérstökum gjaldheimtuseðli þinggjöld, er innheimt hafa verið samkvæmt skatttreikningi, útsvör, aðstöðugjald og sjúkrasamlagsgjöld. Um innheimtu gjalda samkvæmt gjaldheimtuseðli, svo og gjald ársgjalda og ábyrgð á greiðslu, gilda eftirfarandi reglur.

1. gr.

Gjalddagar opinberra gjalda samkvæmt gjaldheimtuseðli, skulu vera sem hér segir:

- a. Með fimm jöfnum greiðslum, er falla í gjalddaga 1. febrúar, 1. marz, 1. apríl, 1. maí og 1. júní, skal innheimta til greiðslu upp í gjöld yfirstandandi árs hjá hverjum gjaldanda fjárhæð jafnháa allt að helmingi sameiginlegra gjalda, sem honum bar að greiða næst liðið ár. Nú hafa tekjur gjaldanda á gjaldárinu verið lægri en á næsta ári áður, svo að nemi 30% eða þar yfir, eða ástæður hans versnað með öðrum hætti svo mjög, að vænta megí þess, að mun lægri gjöld verði lögð á hann en árið áður, og getur hann þá krafizt lækkunar á greiðslum samkvæmt þessum staflið. Skattstjóri ákveður lækkunina. Nú verður ljóst, þegar álagningu lýkur, að gjaldandi hefur þegar greitt meira en álögðum gjöldum nemur, og skal þá endurgreiða það, sem ofgreitt var, ásamt $\frac{1}{2}\%$ vöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði, sem féð var í vörzlum Gjaldheimtunnar.

B 29